Frétt á vef Reykjavíkurborgar 18. ágúst 2020: Sjávarmál er nýtt útilistaverk í Vesturbæ.



COVID.IS X

ÞJÓNUSTA | STJÓRNKERFI | BORGIN OKKAR | ÞÁTTTAKA | MÍNAR SÍÐUR | EN | Hvað viltu finna?

Fréttir

## Sjávarmál er nýtt útilistaverk í Vesturbæ

**þriðjudagur, 18. ágúst 2020**

Höfundar listaverks sem valið var úr sjötíu innsendum tillögum um nýtt útilistaverk í Vesturbæ Reykjavíkur eru arkitektarnir Baldur Helgi Snorrason og David Hugo Cabo í samstarfi við Andra Snæ Magnason, rithöfund. Verkið hefur fengið nafnið Sjávarmál.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, kynnti niðurstöðu dómnefndar í dag. Athöfnin fór fram við Eiðsgranda, þar sem áætlað er að verkið rísi.

Niðurstaða dómnefndar er að verkið *Sjávarmál* sé einstakt verk sem skapi spennandi umhverfi og fjalli um aðkallandi viðfangsefni um leið og það uppfyllir öll skilyrði samkeppninnar um að auðga mannlíf í Vesturbænum.

Verkinu er ætlaður staður á sjávarkambinum við Eiðsgranda og blasir við hafi. Ekkert útilistaverk er staðsett á þessu svæði og það mun auka notagildi og aðdráttarafl svæðisins fyrir íbúa og þá sem þar eiga leið um. Á þeirri hlið listaverksins sem snýr að hafinu er steypt innbjúg skál sem safnar hljóðum hafsins og magnar þau upp með einföldu endurkasti fyrir þann sem stendur fyrir framan skálina. Á þeirri hlið sem snýr að byggð er hrjúfur veggur þar sem íslensk heiti fyrir hafið eru letruð. Áhrif loftslagsbreytinga á hafið eru höfundum hugleikin og verkinu er ætlað að bjóða upp á tækifæri fyrir þá sem eiga leið hjá til að staldra við, upplifa krafta hafsins og hlusta eftir því náttúran hefur að segja okkur.

Samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ var haldin samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna og í kjölfar íbúakosningar í verkefninu Hverfið mitt 2020. Á meðal þess sem Vesturbæingar kusu var að halda samkeppni um gerð útilistaverks í hverfinu. Hverfið mitt er íbúalýðræðisverkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem íbúum gefst kostur á að setja fram hugmyndir um úrbætur í nærumhverfi sínu. Þeim hugmyndum sem hljóta brautargengi í kosningu meðal borgarbúa er síðan hrint í framkvæmd.

Líkar þetta 49

**Fréttir eftir hverfum**

- Árbær
- Breiðholt
- Grafarholt og Úlfarsárdalur
- Grafarvogur
- Háaleiti og Bústaðir
- Hlíðar
- Kjalarnes
- Laugardalur
- Miðborg
- Vesturbær
- Viðey

**Fréttir eftir málaflokkum**

- 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
- Atvinnumál
- Betri hverfi
- Covid-19
- Ferðamál
- Fjármál
- Heilbrigðiseftirlit
- Hverfisskipulag
- Innkallanir matvæla
- Íþróttir og útivist
- Kosningar
- Mannlíf
- Mannréttindi
- Menning og listir
- Polska
- Samgöngur
- Skipulagsmál
- Skóli og frístund
- Stjórnsýsla
- Umhverfi
- Útsendingar
- Velferð